**<u>Fylgiskjal II.</u>**

**Innleiðing orðskýringarákvæða 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, og 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki, í íslensk lög.**[1]

| **TILSKIPUN 2013/36/ESB** | **REGLUGERÐ (ESB) NR. 575/2013** | **INNLEIÐING**[2] |
|---|---|---|
| **3. gr. Skilgreiningar** | **4. gr. Skilgreiningar** | |
| 1. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka eins og hér segir: | 1. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir: | |
| 1) „lánastofnun“: lánastofnun eins og hún er skilgreind í 1. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 1) „lánastofnun“: fyrirtæki sem starfar við að taka á móti innlánum eða öðrum endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi og veitir lán fyrir eigin reikning | 35. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Lánastofnun:* Fyrirtæki sem starfar við að taka á móti innlánum eða öðrum endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi og veita lán fyrir eigin reikning. |
| 2) „verðbréfafyrirtæki“: verðbréfafyrirtæki eins og það er skilgreint í 2. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 2) „verðbréfafyrirtæki“: aðili samkvæmt skilgreiningu í 1. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB[3] sem fellur undir kröfur þeirrar tilskipunar, að undanskildum:<br><br>a) lánastofnunum,<br><br>b) staðbundnum fyrirtækjum,<br><br>c) fyrirtækjum sem ekki hafa heimild til að veita þá viðbótarþjónustu sem um getur í 1. lið B-þáttar I. viðauka tilskipunar 2004/39/EB, veita einungis einn eða fleiri þætti þeirrar fjárfestingarþjónustu eða starfsemi sem um getur í 1., 2., 4. og 5. lið A-þáttar I. viðauka þeirrar tilskipunar og sem ekki er heimilt að halda peningum eða verðbréfum viðskiptavina sinna og mega | 75. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Verðbréfafyrirtæki:* Verðbréfafyrirtæki samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, að frátöldum lánastofnunum, staðbundnum fyrirtækjum og fyrirtækjum skv. 8. mgr. 14. gr. a. |

[1] Fylgiskjalið er aðeins til upplýsingar. Ef munur er á fylgiskjalinu og frumvarpinu gildir frumvarpið.
[2] Vísanir í lög eru með þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu. Tillögur um breytingar á gildandi lögum eru auðkenndar með breytingasporum. Skammstöfunin „fftl.“ í fylgiskjalinu stendur fyrir lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.
[3] Nú 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, um markaði fyrir fjármálagerninga. „Verðbréfafyrirtæki“ er skilgreint þar sem „lögaðili með reglubundna starfsemi eða viðskipti sem felast í því að veita þriðju aðilum fjárfestingarþjónustu og/eða sem stundar fjárfestingarstarfsemi í atvinnuskyni“. Aðildarríkjum er heimilað að telja einstaklinga einnig til verðbréfafyrirtækja að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

| | | |
|---|---|---|
| | því aldrei koma sér í skuld við þá viðskiptavini | |
| 3) „stofnun“: stofnun eins og hún er skilgreind í 3. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 3) „stofnun“: lánastofnun eða verðbréfafyrirtæki | 18. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Fjármálafyrirtæki:* Lánastofnun eða verðbréfafyrirtæki. |
| 4) „staðbundið fyrirtæki“: staðbundið fyrirtæki eins og það er skilgreint í 4. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 4) „staðbundið fyrirtæki“: fyrirtæki sem verslar fyrir eigin reikning á mörkuðum fyrir staðlaða framvirka samninga, valrétti eða aðrar afleiður og á lausafjármörkuðum, eingöngu í þeim tilgangi að verja stöður á afleiðumörkuðum, eða stundar viðskipti fyrir reikning annarra sem eiga aðild að sömu mörkuðum og sem uppgjörsaðilar á sömu mörkuðum ábyrgjast, þar sem uppgjörsaðilar á sömu mörkuðum ábyrgjast að staðið verði við samninga sem slíkt fyrirtæki gerir | 64. tölul. 1. mgr. 1. gr. fftl.: *Staðbundið fyrirtæki:* Fyrirtæki sem stundar viðskipti fyrir eigin reikning á mörkuðum fyrir staðlaða framvirka samninga, valrétti eða aðrar afleiður og á lausafjármörkuðum, eingöngu í þeim tilgangi að verja stöður á afleiðumörkuðum, eða það stundar viðskipti fyrir reikning annarra sem eiga aðild að sömu mörkuðum og þar sem gert er ráð fyrir að uppgjörsaðilar ábyrgist að staðið verði við samninga sem slíkt fyrirtæki gerir. |
| 5) „vátryggingafélag“: vátryggingafélag eins og það er skilgreint í 5. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 5) „vátryggingafélag “: vátryggingafélag eins og það er skilgreint í 1. lið 13. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II)[4] | 72. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Vátryggingafélag:* Frumtryggingafélag samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi. |
| 6) „endurtryggingafélag“: endurtryggingafélag eins og það er skilgreint í 6. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 6) „endurtryggingafélag“: endurtryggingafélag eins og það er skilgreint í 4. lið 13. gr. tilskipunar 2009/138/EB[5] | 15. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Endurtryggingafélag:* Endurtryggingafélag samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi. |
| | 7) „sjóður um sameiginlega fjárfestingu“: verðbréfasjóður eins og hann er skilgreindur í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl., nema í vísunum til reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 sem kalla ekki á skilgreiningu á hugtakinu. Því |

[4] „Vátryggingafélag“ er skilgreint þar sem „félag sem fengið hefur opinbert starfsleyfi í samræmi við 14. gr. [tilskipunarinnar] og rekur frumtryggingar á sviði líftrygginga og skaðatrygginga“.
[5] „Endurtryggingafélag“ er skilgreint þar sem „félag sem fengið hefur starfsleyfi í samræmi við 14. gr. [tilskipunarinnar] til að reka endurtryggingar“.

| | | |
|---|---|---|
| | 2009/65/EB[6] [eða sérhæfður sjóður eins og hann er skilgreindur í a-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB[7]][8] | er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 8) „opinber aðili“: stjórnsýslustofnun sem ekki er rekin í hagnaðarskyni og sem er ábyrg gangvart ríkisstjórnum, héraðsstjórnum eða staðaryfirvöldum, eða yfirvöldum sem bera sömu ábyrgð og héraðs- og staðaryfirvöld, eða fyrirtæki sem ekki er rekið í hagnaðarskyni og er í eigu ríkisstjórna, héraðsstjórna eða staðaryfirvalda, eða sett á stofn og stutt af þeim, og sem samkomulag um beina ábyrgð gildir um og getur falið í sér sjálfstæðar stofnanir sem heyra undir lög og eru háðar opinberu eftirliti | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl., nema í vísunum til reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og tilskipunar 2013/36/ESB sem ekki kalla á skilgreiningu á hugtakinu og í refsiákvæði í 2. mgr. 112. gr. b laganna sem ekki byggist á Evrópugerðunum. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| 7) „stjórn“: stjórn eða stjórnir stofnunar, tilnefndar í samræmi við landslög, sem hafa vald til að ákvarða áætlun, markmið og heildarstefnu stofnunar, hafa umsjón og eftirlit með ákvarðanatöku stjórnar og eru skipaðar aðilunum sem í reynd stýra starfsemi stofnunarinnar | 9) „stjórn“: stjórn eins og hún er skilgreind í 7. lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2013/36/ESB | Svarar til stjórnar og framkvæmdastjóra samkvæmt lögum um hlutafélög, nr. 2/1995. Þau hugtök eru notuð með hefðbundnum hætti í fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| 8) „stjórn í eftirlitshlutverki sínu“: stjórn sem sinnir hlutverki sínu við | | Svarar til stjórnar samkvæmt lögum um hlutafélög. Hugtakið er notað með hefðbundnum hætti í fftl. Því er ekki lagt til að |

[6] „Verðbréfasjóður“ er skilgreindur þar sem „fyrirtæki: a) sem hefur eingöngu að markmiði sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum eða í öðrum lausafjáreignum, sem um getur í 1. mgr. 50. gr. [tilskipunarinnar], fyrir fé sem aflað er meðal almennings og sem starfar á grundvelli áhættudreifingar og b) sem hefur hlutdeildarskírteini sem eru, að beiðni eigenda, endurkeypt eða innleyst, beint eða óbeint, með eignum fyrirtækjanna.“ Tilgreint er að aðgerðir verðbréfasjóðs, sem ætlað er að sjá til þess að skráð verðmæti hlutdeildarskírteina hans í kauphöll víki ekki verulega frá verðmæti hreinnar eignar þeirra, skuli taldar jafngilda slíkum endurkaupum og innlausn. Þá segir að aðildarríki geti heimilað að nokkrar fjárfestingardeildir séu í verðbréfasjóði.

[7] „Sérhæfðir sjóðir“ eru skilgreindir þar sem „sjóðir um sameiginlega fjárfestingu, þ.m.t. sjóðsdeildir, sem: i. afla fjármagns frá nokkrum fjárfestum með það að markmiði að fjárfesta það í samræmi við skilgreinda fjárfestingarstefnu í þágu þessara fjárfesta og ii. eru ekki háðir staðfestingu skv. 5. gr. tilskipunar 2009/65/EB“.

[8] Breytt með 1. gr. reglugerðar (ESB) 2019/876, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

| | | |
|---|---|---|
| umsjón og eftirlit með ákvarðanatöku stjórnar | | skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| 9) „framkvæmdastjórn“[9]: þeir einstaklingar sem gegna stjórnunarhlutverki innan stofnunar og eru ábyrgir og svara fyrir daglegan rekstur stofnunarinnar gagnvart stjórn | 10) „framkvæmdastjórn“: framkvæmdastjórn eins og hún er skilgreind í 9. lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2013/36/ESB | Efni skilgreiningarinnar var tekið upp í viðkomandi ákvæði. |
| 10) „kerfisáhætta“: hætta á truflun á fjármálakerfinu sem gæti haft verulegar neikvæðar afleiðingar fyrir fjármálakerfið og raunhagkerfið | 11) „kerfisáhætta“: kerfisáhætta eins og hún er skilgreind í 10. lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2013/36/ESB | 32. tölul. 1. gr. b fftl.: *Kerfisáhætta:* Hætta á truflun á fjármálakerfinu sem gæti haft verulegar neikvæðar afleiðingar fyrir fjármálakerfið og raunhagkerfið. |
| 11) „líkansáhætta“: mögulegt tap stofnunar vegna ákvarðana sem kunna einkum að vera teknar á grundvelli niðurstaðna innri líkana, vegna skekkja í þróun, framkvæmd eða beitingu slíkra líkana | 12) „líkansáhætta“: líkansáhætta eins og hún er skilgreind í 11. lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2013/36/ESB | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| 12) „upphafsaðili“: upphafsaðili eins og hann er skilgreindur í 13. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 13) „upphafsaðili“: aðili sem:<br>a) annaðhvort sjálfur eða fyrir tilstuðlan tengdra aðila, beint eða óbeint, átti aðild að upphaflega samningnum sem myndaði skuldbindingarnar eða mögulegar skuldbindingar skuldara eða mögulegs skuldara sem valda því að áhættuskuldbindingin er verðbréfuð eða<br>b) kaupir áhættuskuldbindingar þriðja aðila fyrir eigin reikning og verðbréfar þær síðan | 69. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Upphafsaðili:* Aðili sem:<br>a. annaðhvort sjálfur eða fyrir tilstuðlan tengdra aðila, beint eða óbeint, átti aðild að upphaflega samningnum sem myndaði skuldbindingarnar eða mögulegar skuldbindingar skuldara eða mögulegs skuldara sem valda því að áhættuskuldbindingin er verðbréfuð eða<br>b. kaupir áhættuskuldbindingar þriðja aðila fyrir eigin reikning og verðbréfar þær síðan. |
| 13) „umsýsluaðili“: umsýsluaðili eins og hann er skilgreindur í 14. lið 1. mgr. 4. gr. | 14) „umsýsluaðili“: stofnun, önnur en útgáfustofnun, sem stofnar til og stýrir eignatryggðri útgáfu skammtímabréfa eða annarri | 67. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Umsýsluaðili:* Fjármálafyrirtæki, sem ekki er upphafsaðili, sem stofnar til og stýrir eignatryggðri útgáfu |

[9] „Senior management“ í ensku útgáfu.

| | | |
|---|---|---|
| reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | verðbréfun sem kaupir áhættuskuldbindingar frá þriðja aðila | skammtímabréfa eða annarri verðbréfun sem kaupir áhættuskuldbindingar frá þriðja aðila. |
| 14) „móðurfélag“: móðurfélag eins og það er skilgreint í 15. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 15) „móðurfélag“ merkir:<br><br>a) móðurfélag í skilningi 1. og 2. gr. tilskipunar 83/349/EBE[10],<br><br>b) móðurfélag í skilningi 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 83/349/EBE[11] og hvert það félag sem hefur veruleg áhrif í öðru félagi, að því er varðar II. þátt 3. og 4. kafla VII. bálks og VIII. bálk tilskipunar 2013/36/ESB og fimmta hluta þessarar reglugerðar | 44. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Móðurfélag:* Fyrirtæki telst vera móðurfélag þegar það:<br><br>a. ræður yfir meiri hluta atkvæða í öðru fyrirtæki,<br><br>b. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur rétt til að tilnefna eða víkja frá meiri hluta stjórnarmanna eða stjórnenda,<br><br>c. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur rétt til að hafa ráðandi áhrif á starfsemi þess á grundvelli samþykkta fyrirtækisins eða samnings við það,<br><br>d. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og ræður, á grundvelli samnings við aðra hluthafa eða eignaraðila, meiri hluta atkvæða í fyrirtækinu eða<br><br>e. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur ráðandi stöðu í því.<br><br>Við mat á atkvæðisrétti og réttindum til að tilnefna eða víkja frá stjórnarmönnum eða stjórnendum skal leggja saman réttindi sem móðurfélag og dótturfélag ráða yfir. Við mat á atkvæðisrétti í dótturfélagi skal ekki talinn með atkvæðisréttur sem fylgir eigin hlutum dótturfélagsins eða dótturfélögum þess. |
| 15) „dótturfélag“: dótturfélag eins og það er skilgreint í 16. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 16) „dótturfélag“ merkir:<br><br>a) dótturfélag í skilningi 1. og 2. gr. tilskipunar 83/349/EBE[12],<br><br>b) dótturfélag í skilningi 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 83/349/EBE[13] og félag þar sem móðurfélag hefur veruleg áhrif.<br><br>Dótturfélög dótturfélaga skulu teljast dótturfélög þess félags | 8. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Dótturfélag:* Fyrirtæki sem hafa þau tengsl við fjármálafyrirtæki eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði sem lýst er í 44. tölul. teljast vera dótturfélög. Fyrirtæki sem er dótturfélag dótturfélags telst einnig vera dótturfélag móðurfélags. |

[10] Nú 1.–5. mgr. 22. gr. tilskipunar 2013/34/ESB, um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja. Þar er ekki eiginleg skilgreining á móðurfélagi en fjallað um hvenær fyrirtæki skuli semja samstæðureikning.
[11] Nú 1. mgr. 22. gr. tilskipunar 2013/34/ESB. Þar er ekki eiginleg skilgreining á móðurfélagi en fjallað um hvenær fyrirtæki skuli semja samstæðureikning.
[12] Nú 1.–5. mgr. 22. gr. tilskipunar 2013/34/ESB, um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja. Þar er ekki eiginleg skilgreining á dótturfélagi en fjallað um hvenær fyrirtæki skuli semja samstæðureikning.
[13] Nú 1. mgr. 22. gr. tilskipunar 2013/34/ESB. Þar er ekki eiginleg skilgreining á dótturfélagi en fjallað um hvenær fyrirtæki skuli semja samstæðureikning.

| | | |
|---|---|---|
| | sem er upphaflegt móðurfélag þeirra | |
| 16) „útibú“: útibú eins og það er skilgreint í 17. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 17) „útibú“: starfsstöð sem lögum samkvæmt er háð stofnun, sem hún er hluti af, og annast með beinum hætti öll eða sum þeirra viðskipta sem stofnanir stunda | 1. málsl. 70. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Útibú:* Starfsstöð sem lögum samkvæmt er háð fjármálafyrirtæki, sem hún er hluti af, og annast með beinum hætti öll eða hluta þeirra viðskipta sem fjármálafyrirtæki stundar. |
| 17) „félag í hliðarstarfsemi“: félag í hliðarstarfsemi eins og það er skilgreint í 18. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 18) „félag í viðbótarstarfsemi“: félag sem hefur að meginstarfsemi að eiga eða hafa umsjón með fasteignum eða sjá um gagnavinnsluþjónustu eða svipaða þjónustu sem er til viðbótar við meginstarfsemi einnar eða fleiri stofnana | 17. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Félag í viðbótarstarfsemi:* Félag sem hefur að meginstarfsemi að eiga eða hafa umsjón með fasteignum eða sjá um gagnavinnsluþjónustu eða svipaða þjónustu sem er til viðbótar við meginstarfsemi eins eða fleiri fjármálafyrirtækja. |
| 18) „eignastýringarfélag“: eignastýringarfélag eins og það er skilgreint í 19. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 19) „eignastýringarfélag“: eignastýringarfélag eins og það er skilgreint í 5. lið 2. gr. tilskipunar 2002/87/EB[14] eða stjórnandi fagfjárfestasjóðs eins og hann er skilgreindur í b-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2011/61/ESB[15], að meðtöldum aðilum í þriðju löndum, nema annað sé tekið fram, sem falla undir lög þriðja lands sem beitir a.m.k. jafn ströngum kröfum um eftirlit og samkvæmt reglum sem beitt er í Sambandinu | 12. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Eignastýringarfélag:* Rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt lögum um verðbréfasjóði eða rekstraraðili sérhæfðra sjóða samkvæmt lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og aðili sem stundar hliðstæða starfsemi í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem laga- og eftirlitskröfur eru a.m.k. jafngildar þeim sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. |
| 19) „eignarhaldsfélag á fjármálasviði“: eignarhaldsfélag á fjármálasviði eins og það er skilgreint í 20. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 20) „eignarhaldsfélag á fjármálasviði“: fjármálastofnun, sem er ekki blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi, og eru dótturfélög hennar eingöngu eða aðallega stofnanir eða fjármálastofnanir; [dótturfélög fjármálastofnunar eru aðallega stofnanir eða fjármálastofnanir þar sem a.m.k. eitt þeirra er stofnun og þar sem meira en | 11. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Eignarhaldsfélag á fjármálasviði:* Fjármálastofnun, sem er ekki blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi, hvers dótturfélög eru eingöngu eða aðallega fjármálafyrirtæki eða fjármálastofnanir. Dótturfélög fjármálastofnunar teljast aðallega vera fjármálafyrirtæki eða fjármálastofnanir ef a.m.k. eitt þeirra er fjármálafyrirtæki og ef meira en 50% af eigin fé fjármálastofnunarinnar, samstæðueigna, tekna, starfsfólks eða annars þáttar sem |

[14] „Eignastýringarfélag“ er skilgreint þar, með breytingum samkvæmt tilskipun 2011/89/ESB, sem „rekstrarfélag í skilningi b-liðar 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2009/65/EB eða fyrirtæki sem hefur skráða skrifstofu í þriðja landi og sem þyrfti starfsleyfi samkvæmt þeirri tilskipun ef skráð skrifstofa þess væri innan Sambandsins“. B-liður 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2009/65/EB, um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði, skilgreinir „rekstrarfélag“ sem „félag sem annast rekstur verðbréfasjóða í formi fjárhaldssjóða eða fjárfestingarfélaga (sameiginleg stjórnun verðbréfasafns verðbréfasjóða)“.
[15] „Rekstraraðilar sérhæfðra sjóða“ eru skilgreindir þar sem „lögaðilar sem hafa það að reglulegu starfi að starfrækja einn eða fleiri sérhæfða sjóði“.

| | | |
|---|---|---|
| | 50% af eigin fé fjármálastofnunarinnar, samstæðueigna, tekna, starfsfólks eða annars þáttar sem lögbært yfirvald telur mikilvægan tengist dótturfélögum sem eru stofnanir eða fjármálastofnanir][16] | Fjármálaeftirlitið telur eiga við tengjast dótturfélögum sem eru fjármálafyrirtæki eða fjármálastofnanir. |
| 20) „blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi“: blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi eins og það er skilgreint í 21. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 21) „blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi“: blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi eins og það er skilgreint í 15. lið 2. gr. tilskipunar 2002/87/EB[17] | 5. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi:* Móðurfélag sem ásamt dótturfélögum sínum og öðrum aðilum myndar fjármálasamsteypu, enda sé móðurfélagið ekki lánastofnun, vátryggingafélag, endurtryggingafélag, verðbréfafyrirtæki, eignastýringarfélag eða rekstraraðili sérhæfðs sjóðs og a.m.k. eitt dótturfélaganna er lánastofnun, vátryggingafélag, endurtryggingafélag, verðbréfafyrirtæki, eignastýringarfélag eða rekstraraðili sérhæfðs sjóðs með skráða skrifstofu á Evrópska efnahagssvæðinu. |
| 21) „blandað eignarhaldsfélag“: blandað eignarhaldsfélag eins og það er skilgreint í 22. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 22) „blandað eignarhaldsfélag“: móðurfélag, annað en eignarhaldsfélag á fjármálasviði, stofnun eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi og er a.m.k. eitt dótturfélaga þess stofnun | 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Blandað eignarhaldsfélag:* Móðurfélag, sem ekki er eignarhaldsfélag á fjármálasviði, fjármálafyrirtæki eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi, sem hefur að minnta kosti eitt dótturfélag sem er fjármálafyrirtæki. |
| | 23) „vátryggingafélag þriðja lands“: vátryggingafélag þriðja lands eins og það er skilgreint í 3. lið 13. gr. tilskipunar 2009/138/EB[18] | 73. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Vátryggingafélag utan Evrópska efnahagssvæðisins:* Félag sem þyrfti starfsleyfi sem vátryggingafélag ef aðalskrifstofa þess væri á Evrópska efnahagssvæðinu. |
| | 24) „endurtryggingafélag þriðja lands“: endurtryggingafélag þriðja lands eins og það er skilgreint í 6. lið 13. gr. tilskipunar 2009/138/EB[19] | 16. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Endurtryggingafélag utan Evrópska efnahagssvæðisins:* Félag sem þyrfti starfsleyfi sem endurtryggingafélag ef aðalskrifstofa þess væri á Evrópska efnahagssvæðinu. |

[16] Breytt með 1. gr. reglugerðar (ESB) 2019/876, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013.
[17] „Blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði“ er skilgreint þar, með breytingum samkvæmt tilskipun 2011/89/ESB, sem „móðurfyrirtæki, sem er ekki eftirlitsskyldur aðili, sem myndar fjármálasamsteypu ásamt dótturfyrirtækjum sínum og öðrum aðilum og a.m.k. eitt dótturfyrirtækjanna er eftirlitsskyldur aðili með skráða skrifstofu í Sambandinu“. „Eftirlitsskyldur aðili“ í skilningi tilskipunarinnar er lánastofnun, vátryggingafélag, endurtryggingafélag, verðbréfafyrirtæki, eignastýringarfélag eða rekstraraðili sérhæfðs sjóðs, sbr. 4. tölul. 2. gr. tilskipunarinnar.
[18] „Vátryggingafélag þriðja lands“ er skilgreint þar sem „félag sem þyrfti starfsleyfi sem vátryggingafélag í samræmi við 14. gr. [tilskipunarinnar] ef aðalskrifstofa þess væri í Bandalaginu“.
[19] „Endurtryggingafélag þriðja lands“ er skilgreint þar sem „félag sem þyrfti starfsleyfi sem endurtryggingafélag í samræmi við 14. gr. [tilskipunarinnar] ef aðalskrifstofa þess væri í Bandalaginu“.

| | | |
|---|---|---|
| | 25) „viðurkennt verðbréfafyrirtæki þriðja lands“: fyrirtæki sem fullnægir öllum eftirfarandi skilyrðum:<br><br>a) það myndi falla undir skilgreininguna á verbréfafyrirtæki ef það hefði staðfestu innan Sambandsins,<br><br>b) það hefur starfsleyfi í þriðja landi,<br><br>c) það fellur undir og fylgir varfærnisreglum sem lögbær yfirvöld telja að minnsta kosti jafn strangar og þær sem mælt er fyrir um í tilskipun 2013/36/ESB | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| 22) „fjármálastofnun“: fjármálastofnun eins og hún er skilgreind í 26. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 26) „fjármálastofnun“: fyrirtæki, annað en stofnun [eða annað en eignarhaldsfélag sem eingöngu starfar í iðnaði][20], sem hefur að meginstarfsemi að afla eignarhluta eða sinna einni eða fleiri tegundum starfsemi sem um getur í 2.–12. lið og 15. lið I. viðauka við tilskipun 2013/36/ESB, þar með talin eignarhaldsfélög á fjármálasviði, blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi, greiðslustofnanir í skilningi [4. liðar 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366[21]][22] og eignarstýringarfélög, en að undanskildum eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði og blönduðum eignarhaldsfélögum í vátryggingastarfsemi eins og þau eru skilgreind í [f- og][23] g- | 21. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.:<br>*Fjármálastofnun:* Fyrirtæki, annað en fjármálafyrirtæki eða hreint iðnaðareignarhaldsfélag, sem hefur að meginstarfsemi að afla eignarhluta eða sinna einni eða fleiri tegundum starfsemi sem um getur í 2.–12. og 15. tölul. 1. mgr. 20. gr., þ.m.t. eignarhaldsfélög á fjármálasviði, blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi, greiðslustofnanir samkvæmt lögum um greiðsluþjónustu og eignastýringarfélög, en að undanskildum eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði og blönduðum eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði samkvæmt lögum um vátryggingasamstæður. |

[20] Bætt við með 1. gr. reglugerðar (ESB) 2019/876, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013.
[21] „Greiðslustofnun“ er skilgreind þar sem „lögaðili sem hefur fengið starfsleyfi í samræmi við 11. gr. [tilskipunarinnar] til að veita og framkvæma greiðsluþjónustu í öllu Sambandinu“.
[22] Breytt með 1. gr. reglugerðar (ESB) 2019/876, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013.
[23] Bætt við með 1. gr. reglugerðar (ESB) 2019/876, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

| | | |
|---|---|---|
| | lið 1. mgr. 212. gr. tilskipunar 2009/138/EB[24] | |
| 23) „aðili á fjármálamarkaði“: aðili á fjármálamarkaði eins og hann er skilgreindur í 27. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 27) „aðili á fjármálamarkaði“: eitthvað af eftirfarandi:<br>a) stofnun,<br>b) fjármálastofnun,<br>c) félag í viðbótarstarfsemi sem talið er með í fjárhagsstöðu stofnunar á samstæðugrundvelli,<br>d) vátryggingafélag,<br>e) vátryggingafélag þriðja lands,<br>f) endurtryggingafélag,<br>g) endurtryggingafélag þriðja lands,<br>h) eignarhaldsfélag á vátryggingasviði eins og það er skilgreint í g-lið 1. mgr. 212. gr. tilskipunar 2009/138/EB[25],<br>[...][26]<br>k) fyrirtæki sem fellur ekki undir gildissvið tilskipunar 2009/138/EB í samræmi við 4. gr. þeirrar tilskipunar[27],<br>l) fyrirtæki þriðja lands með meginstarfsemi sem er sambærileg starfsemi einhvers þeirra fyrirtækja sem um getur í a- til k-lið | 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Aðili á fjármálamarkaði:* Eftirtaldir aðilar teljast aðilar á fjármálamarkaði:<br>a. fjármálafyrirtæki,<br>b. fjármálastofnun,<br>c. félag í viðbótarstarfsemi sem er hluti af samstæðustöðu fjármálafyrirtækis,<br>d. vátryggingafélag,<br>e. vátryggingafélag utan Evrópska efnahagssvæðisins,<br>f. endurtryggingafélag,<br>g. endurtryggingafélag utan Evrópska efnahagssvæðisins,<br>h. eignarhaldsfélag á vátryggingasviði samkvæmt lögum um vátryggingasamstæður,<br>i. fyrirtæki sem er undanskilið gildissviði tilskipunar 2009/138/EB skv. 4. gr. þeirrar tilskipunar,<br>j. fyrirtæki utan Evrópska efnahagssvæðisins með meginstarfsemi sambærilega við starfsemi skv. a–i-lið. |

[24] „Eignarhaldsfélag á vátryggingasviði“ er skilgreint þar, með breytingum samkvæmt tilskipun 2011/89/ESB, sem „móðurfélag sem er ekki blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði og aðalstarfsemi þess er að yfirtaka og eiga hlutdeild í dótturfélögum, þar sem þessi dótturfélög eru eingöngu eða aðallega vátrygginga- eða endurtryggingafélög, eða vátrygginga- eða endurtryggingafélög í þriðja landi, þar sem að lágmarki eitt af slíkum dótturfélögum er vátrygginga- eða endurtryggingafélag“. „Blandað eignarhaldsfélag á vátryggingasviði“ er skilgreint þar, með breytingum samkvæmt tilskipun 2011/89/ESB, sem „móðurfélag sem er ekki vátryggingafélag, vátryggingafélag í þriðja landi, endurtryggingafélag, endurtryggingafélag í þriðja landi, eignarhaldsfélag á vátryggingasviði eða blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði, þar sem a.m.k. eitt dótturfélaganna er vátryggingafélag eða endurtryggingafélag“.

[25] Ákvæðið á að vísa til f-liðar 1. mgr. 212. gr. tilskipunar 2009/138/EB. „Eignarhaldsfélag á vátryggingasviði“ er skilgreint þar, með breytingum samkvæmt tilskipun 2011/89/ESB, sem „móðurfélag sem er ekki blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði og aðalstarfsemi þess er að yfirtaka og eiga hlutdeild í dótturfélögum, þar sem þessi dótturfélög eru eingöngu eða aðallega vátrygginga- eða endurtryggingafélög, eða vátrygginga- eða endurtryggingafélög í þriðja landi, þar sem að lágmarki eitt af slíkum dótturfélögum er vátrygginga- eða endurtryggingafélag“.

[26] I- og j-liður voru felldir brott með leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

[27] Í greininni eru vátryggingafélög sem eru undir tilgreindum stærðarmörkum og starfrækja ekki tilgreinda starfsemi undanþegin gildissviði tilskipunarinnar.

| | | |
|---|---|---|
| 24) „móðurstofnun í aðildarríki“: móðurstofnun í aðildarríki eins og hún er skilgreind í 28. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 28) „móðurstofnun í aðildarríki“: stofnun í aðildarríki sem hefur stofnun[,][28] fjármálastofnun [eða félag í viðbótarstarfsemi][29] að dótturfélagi eða sem á hlut í slíkri stofnun[,] fjármálastofnun [eða félagi í viðbótarstarfsemi][30] og sem ekki er sjálf dótturfélag annarrar stofnunar með starfsleyfi í sama aðildarríki, eða eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi sem komið er á fót í sama aðildarríki | 48. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Móðurstofnun í aðildarríki:* Fjármálafyrirtæki í aðildarríki sem hefur fjármálafyrirtæki, fjármálastofnun eða félag í viðbótarstarfsemi að dóttur- eða hlutdeildarfélagi og sem ekki er sjálft dótturfélag annars fjármálafyrirtækis með starfsleyfi í sama aðildarríki, eða eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi sem komið er á fót í sama aðildarríki. |
| 25) „móðurstofnun í ESB“: móðurstofnun í ESB eins og hún er skilgreind í 29. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 29) „móðurstofnun í ESB“: móðurstofnun í aðildarríki sem er hvorki dótturfélag annarrar stofnunar með starfsleyfi í aðildarríki né eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi sem komið er á fót í aðildarríki | 49. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Móðurstofnun á Evrópska efnahagssvæðinu:* Móðurstofnun í aðildarríki sem er hvorki dótturfélag annars fjármálafyrirtækis með starfsleyfi í aðildarríki né eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi sem komið er á fót í aðildarríki. |
| | [29a) „verðbréfamóðurstofnun í aðildarríki“: móðurstofnun í aðildarríki sem er verðbréfafyrirtæki | 51. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Móðurverðbréfafyrirtæki í aðildarríki:* Móðurstofnun í aðildarríki sem er verðbréfafyrirtæki. |
| | 29b) „verðbréfamóðurstofnun í ESB“: móðurstofnun í ESB sem er verðbréfafyrirtæki | 50. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Móðurverðbréfafyrirtæki á Evrópska efnahagssvæðinu:* Móðurstofnun á Evrópska efnahagssvæðinu sem er verðbréfafyrirtæki. |
| | 29c) „móðurlánastofnun í aðildarríki“: móðurstofnun í aðildarríki sem er lánastofnun | 47. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Móðurlánastofnun í aðildarríki:* Móðurstofnun í aðildarríki sem er lánastofnun. |
| | 29d) „móðurlánastofnun í ESB“: móðurstofnun í ESB sem er lánastofnun“][31] | 46. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Móðurlánastofnun á Evrópska efnahagssvæðinu:* Móðurstofnun á Evrópska efnahagssvæðinu sem er lánastofnun. |
| 26) „móðureignarhaldsfélag | 30) „móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í aðildarríki“: | 43. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í* |

[28] Breytt með 1. gr. reglugerðar (ESB) 2019/876, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013.
[29] Bætt við með 1. gr. reglugerðar (ESB) 2019/876, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013.
[30] Bætt við með 1. gr. reglugerðar (ESB) 2019/876, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013.
[31] Bætt við með 1. gr. reglugerðar (ESB) 2019/876, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

| | | |
|---|---|---|
| á fjármálasviði í aðildarríki“: móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í aðildarríki eins og það er skilgreint í 30. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | eignarhaldsfélag á fjármálasviði sem sjálft er hvorki dótturfélag stofnunar með starfsleyfi í sama aðildarríki né eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi sem komið er á fót í [sama][32] aðildarríki | *aðildarríki:* Eignarhaldsfélag á fjármálasviði sem er hvorki dótturfélag fjármálafyrirtækis með starfsleyfi í sama aðildarríki né eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi sem komið er á fót í sama aðildarríki. |
| 27) „móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í ESB“: móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í ESB eins og það er skilgreint í 31. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 31) „móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í ESB“: móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í aðildarríki sem er hvorki dótturfélag stofnunar með starfsleyfi í aðildarríki né annars eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi sem komið er á fót í aðildarríki | 42. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði á Evrópska efnahagssvæðinu:* Móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í aðildarríki sem er hvorki dótturfélag fjármálafyrirtækis með starfsleyfi í aðildarríki né eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi sem komið er á fót í aðildarríki. |
| 28) „blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í aðildarríki“: blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í aðildarríki eins og það er skilgreint í 32. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 32) „blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í aðildarríki“: blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi sem sjálft er hvorki dótturfélag stofnunar með starfsleyfi í sama aðildarríki né eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi sem komið er á fót í [sama][33] aðildarríki | 7. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í aðildarríki:* Blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi sem er hvorki dótturfélag fjármálafyrirtækis með starfsleyfi í sama aðildarríki né eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi sem komið er á fót í sama aðildarríki. |
| 29) „blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í ESB“: blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í ESB eins og það er skilgreint í 33. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 33) „blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í ESB“: blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í aðildarríki sem er hvorki dótturfélag stofnunar með starfsleyfi í aðildarríki né annars eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í | 6. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu:* Blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í aðildarríki sem er hvorki dótturfélag fjármálafyrirtækis með starfsleyfi í aðildarríki né annars eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi sem komið er á fót í aðildarríki. |

[32] Vantar í íslenska útgáfu reglugerðarinnar.
[33] Vantar í íslenska útgáfu reglugerðarinnar.

| | | |
|---|---|---|
| | fjármálastarfsemi sem komið er á fót í aðildarríki | |
| 30) „stofnun sem er mikilvæg innan kerfis“: móðurstofnun í ESB, móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í ESB, blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í ESB eða stofnun sem myndi valda kerfisáhættu ef hún lenti í greiðsluþroti eða starfaði óeðlilega | | 33. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Kerfislega mikilvægt fjármálafyrirtæki:* Móðurstofnun á Evrópska efnahagssvæðinu, móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði á Evrópska efnahagssvæðinu, blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu eða fjármálafyrirtæki sem myndi valda kerfisáhættu ef það lenti í greiðsluþroti eða starfaði óeðlilega. |
| 31) „miðlægur mótaðili“: miðlægur mótaðili eins og hann er skilgreindur í 34. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 34) „miðlægur mótaðili“: miðlægur mótaðili eins og hann er skilgreindur í 1. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012[34] | 40. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Miðlægur mótaðili:* Lögaðili sem gengur á milli mótaðila að samningum sem viðskipti eru með á einum eða fleiri fjármálamörkuðum og verður þar með kaupandi gagnvart hverjum seljanda og seljandi gagnvart hverjum kaupanda. |
| 32) „hlutdeild“: hlutdeild eins og hún er skilgreind í 35. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 35) „hlutdeild“: hlutdeild í skilningi fyrsta málsliðar 17. gr. fjórðu tilskipunar ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978 um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð[35], eða beinn eða óbeinn eignarhlutur sem nemur 20% eða meira af atkvæðisrétti eða eigin fé fyrirtækis | 27. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Hlutdeildarfélag:* Félag sem fjármálafyrirtæki hefur veruleg áhrif á eða þar sem beinn eða óbeinn eignarhluti nemur 20% eða meira af atkvæðisrétti eða hlutafé. |
| 33) „virkur eignarhlutur“: virkur eignarhlutur eins og hann er skilgreindur í 36. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 36) „virkur eignarhlutur“: beinn eða óbeinn eignarhlutur í fyrirtæki sem nemur 10% eða meira af eigin fé eða atkvæðisrétti, eða sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun þess fyrirtækis | 1. málsl. 2. mgr. 40. gr. fftl.: Með virkum eignarhlut er átt við beina eða óbeina hlutdeild í lánastofnun sem nemur 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti, eða aðra hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi lánastofnunar. |

[34] „Miðlægur mótaðili“ er skilgreindur þar sem „lögaðili sem gengur á milli mótaðila að samningum sem viðskipti eru með á einum eða fleiri fjármálamörkuðum og verður þar með kaupandi gagnvart hverjum seljanda og seljandi gagnvart hverjum kaupanda“.

[35] Nú 2. tölul. 2. gr. tilskipunar 2013/34/ESB, um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja. „Hlutdeild“ er skilgreind þar sem „réttur til eigin fjár annarra fyrirtækja, hvort sem skírteini hefur verið gefið út fyrir honum eða ekki, sem ætlað er að efla starfsemi fyrirtækisins sem réttinn á með því að mynda varanleg tengsl við þau. Eignarhald á hluta af eigin fé annars fyrirtækis telst hlutdeild ef það fer yfir viðmiðunarhlutfall sem aðildarríkin ákveða og er minna en eða jafnt og 20%“.

| | | |
|---|---|---|
| 34) „yfirráð“: yfirráð eins og þau eru skilgreind í 37. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 37) „yfirráð“: tengsl milli móðurfélags og dótturfélags, eins og þau eru skilgreind í 1. gr. tilskipunar 83/349/EBE[36] eða reikningsskilastöðlum sem stofnun fellur undir samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002, eða sambærilegt samband milli einstaklings eða lögaðila og fyrirtækis | 82. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Yfirráð:* Tengsl milli móðurfélags og dótturfélags, eins og þau eru skilgreind í lögum um ársreikninga, eða sambærilegt samband milli einstaklings eða lögaðila og fyrirtækis. |
| 35) „náin tengsl“: náin tengsl eins og þau eru skilgreind í 38. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 38) „náin tengsl“: þegar tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar tengjast með einhverjum eftirfarandi hætti:<br><br>a) með hlutdeild, í formi beins eignarréttar eða með yfirráðarétti, sem nemur 20% eða meira af atkvæðisrétti eða eigin fé fyrirtækis<br><br>b) með yfirráðum,<br><br>c) með varanlegum tengslum þeirra beggja, eða allra, við sama þriðja aðila í gegnum yfirráðatengsl | 52. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Náin tengsl:* Náin tengsl teljast vera til staðar þegar tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar tengjast með einhverjum eftirfarandi hætti:<br><br>a. með hlutdeild í formi eignarhalds, beint eða með yfirráðum, á 20% eða meira af atkvæðisrétti eða eigin fé fyrirtækis,<br><br>b. með yfirráðum,<br><br>c. með varanlegum tengslum þeirra beggja eða allra við sama þriðja aðila í gegnum yfirráðatengsl. |
| | 39) „hópur tengdra viðskiptavina“: annað eftirfarandi:<br><br>a) tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar sem, nema sýnt sé fram á annað, mynda eina áhættu vegna þess að einn þeirra hefur bein eða óbein yfirráð yfir hinum,<br><br>b) tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar þar sem enginn einn hefur yfirráð yfir hinum, eins og skilgreint er í a-lið, en þeir teljast til sömu áhættu vegna þess að þeir eru svo fjárhagslega tengdir að líkur eru á að ef einn þeirra lendir í fjárhagserfiðleikum, einkum í tengslum við fjármögnun eða endurgreiðslu skulda, eigi hinn aðilinn eða allir í erfiðleikum | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl., nema í vísun til reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 sem kallar ekki á skilgreiningu á hugtakinu. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |

[36] Nú tilskipunar 1. og 2. mgr. 22. gr. 2013/34/ESB, um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja. Þar er ekki eiginleg skilgreining á dótturfélagi en fjallað um hvenær fyrirtæki skuli semja samstæðureikning.

| | | |
|---|---|---|
| | með fjármögnun eða endurgreiðslu skulda.<br><br>Ef ríkisstjórn hefur bein yfirráð yfir eða hefur bein tengsl við fleiri en einn einstakling eða lögaðila er heimilt að líta svo á að hópurinn sem samanstendur af þeirri ríkisstjórn og öllum einstaklingum eða lögaðilum sem hún hefur bein eða óbein yfirráð yfir, í samræmi við alið, eða tengjast henni, í samræmi við b-lið, myndi ekki hóp tengdra viðskiptavina, þrátt fyrir a- og b-lið. Í stað þess er heimilt að meta tilvist hóps tengdra viðskiptavina mynduðum af ríkisstjórn og öðrum einstaklingum eða lögaðilum, að því er varðar hvern þeirra aðila sem ríkisstjórnin hefur bein yfirráð yfir í samræmi við a-lið, eða tengist beint í samræmi við b-lið, og að því er varðar alla einstaklinga og lögaðila sem sá aðili hefur yfirráð yfir í samræmi við a-lið, eða tengist í samræmi við b-lið, að ríkisstjórninni meðtalinni. Hið sama gildir um héraðsstjórnir eða staðaryfirvöld sem falla undir 2. mgr. 115. gr.<br><br>[Tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar sem uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í a- eða b-lið vegna beinnar áhættuskuldbindingar þeirra gagnvart sama miðlæga mótaðilanum vegna stöðustofnunarstarfsemi teljast ekki vera hópur tengdra viðskiptavina.][37] | |
| 36) „lögbært yfirvald“: lögbært yfirvald eins og það er skilgreint í 40. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 40) „lögbært yfirvald“: opinbert yfirvald eða aðili sem er opinberlega viðurkenndur samkvæmt landslögum og hefur sem liður í eftirlitstkerfi viðkomandi aðildarríkis, | 38. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Lögbært yfirvald:* Opinbert yfirvald eða aðili sem er opinberlega viðurkenndur samkvæmt landslögum og hefur sem liður í eftirlitskerfi |

[37] Bætt við með 1. gr. reglugerðar (ESB) 2019/876, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

| | | |
|---|---|---|
| | valdbærni að lögum til að hafa eftirlit með stofnunum | viðkomandi aðildarríkis valdbærni að lögum til að hafa eftirlit með fjármálafyrirtækjum. |
| 37) „eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli": eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli eins og hann er skilgreindur í 41. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 41) „eftirlitsaðili á samstæðugrunni": lögbært yfirvald sem ber ábyrgð á framkvæmd eftirlits á samstæðugrunni [í samræmi við 111. gr. tilskipunar 2013/36/ESB][38] | 9. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Eftirlitsaðili á samstæðugrunni:* Lögbært yfirvald sem ber ábyrgð á framkvæmd eftirlits á samstæðugrunni. |
| 38) „starfsleyfi": starfsleyfi eins og það er skilgreint í 42. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 42) „starfsleyfi": hvers konar skjal gefið út af yfirvöldum er veitir rétt til starfsemi | 65. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Starfsleyfi:* Hvers konar skjal gefið út af yfirvöldum sem veitir rétt til starfsemi. |
| 39) „heimaaðildarríki": heimaaðildarríki eins og það er skilgreint í 43. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 43) „heimaaðildarríki": aðildarríki þar sem stofnun hefur fengið starfsleyfi | 26. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Heimaríki:* Ríki þar sem fjármálafyrirtæki hefur fengið starfsleyfi. |
| 40) „gistiaðildarríki": gistiaðildarríki eins og það er skilgreint í 44. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 44) „gistiaðildarríki": aðildarríki þar sem stofnun hefur útibú eða veitir þjónustu | 23. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Gistiríki:* Ríki þar sem fjármálafyrirtæki hefur útibú eða veitir þjónustu. |
| 41) „seðlabankar seðlabankakerfis Evrópu": seðlabankar seðlabankakerfis Evrópu eins og þeir eru skilgreindir í 45. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 45) „seðlabankar seðlabankakerfis Evrópu": seðlabankar aðildarríkja sem eru aðilar að seðlabankakerfi Evrópu og Seðlabanki Evrópu[39] | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| 42) „seðlabankar": seðlabankar eins og þeir eru skilgreindir í 46. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 46) „seðlabankar": seðlabankar seðlabankakerfis Evrópu og seðlabankar þriðju landa[40] | 57. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Seðlabanki:* Seðlabanki Evrópu eða seðlabanki ríkis. |
| 43) „staða samstæðu": staða samstæðu eins og hún er skilgreind í 47. lið 1. mgr. 4. gr. | 47) „staða samstæðu": sú staða sem fæst með því að beita kröfum þessarar reglugerðar, í samræmi við 2. kafla II. bálks | 63. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Staða samstæðu:* Sú staða sem fæst með því að beita kröfum gagnvart fjármálafyrirtæki líkt og ef það |

[38] Breytt með 1. gr. reglugerðar (ESB) 2019/876, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013.
[39] Skilja ber tilvísanir til „aðila að seðlabankakerfi Evrópu" eða til „seðlabanka" í reglugerðinni þannig að þær taki til seðlabanka EFTA-ríkjanna, til viðbótar við merkingu þeirra í reglugerðinni, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2019 frá 29. mars 2019.
[40] Skilja ber tilvísanir til „aðila að seðlabankakerfi Evrópu" eða til „seðlabanka" í reglugerðinni þannig að þær taki til seðlabanka EFTA-ríkjanna, til viðbótar við merkingu þeirra í reglugerðinni, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2019 frá 29. mars 2019.

| | | |
|---|---|---|
| reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | fyrsta hluta, gagnvart stofnun með þeim hætti sem gerir ráð fyrir að sú stofnun myndi, ásamt einum eða fleiri aðilum, eina stofnun | myndaði, ásamt einum eða fleiri öðrum aðilum, eitt fjármálafyrirtæki. |
| 44) „samstæðugrundvöllur“: samstæðugrundvöllur eins og hann er skilgreindur í 48. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 48) „samstæðugrunnur“: á grundvelli stöðu samstæðunnar | 56. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Samstæðugrunnur:* Á grundvelli stöðu samstæðu. |
| 45) „undirsamstæðugrunnur“: undirsamstæðugrunnur eins og hann er skilgreindur í 49. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 49) „undirsamstæðugrunnur“: á grundvelli stöðu samstæðu móðurstofnunar, eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi, að undanskilinni undireiningasamstæðu, eða á grundvelli stöðu samstæðu móðurstofnunar, eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi sem ekki er hin endanlega móðurstofnun, eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi | 68. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Undirsamstæðugrunnur:* Á grundvelli stöðu samstæðu móðurstofnunar, eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi, að undanskilinni undireiningasamstæðu, eða á grundvelli stöðu samstæðu móðurstofnunar, eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi sem ekki er hin endanlega móðurstofnun, eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi. |
| 46) „fjármálagerningur“: fjármálagerningur eins og hann er skilgreindur í 50. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 50) „fjármálagerningur“: eitthvað af eftirfarandi:<br>a) samningur sem leiðir til bæði fjáreignar eins aðila og fjárskuldbindingar eða hlutabréfagernings annars aðila,<br>b) gerningur tilgreindur í C-þætti I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB[41],<br>c) afleiddur fjármálagerningur,<br>d) grunnfjármálagerningur,<br>e) reiðufjárgerningur,<br>Gerningarnir sem um getur í a-, b- og c-lið eru eingöngu | 19. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Fjármálagerningur:* Eitthvað af eftirfarandi:<br>a. samningur sem leiðir til bæði fjáreignar eins aðila og fjárskuldbindingar eða eiginfjárgernings annars aðila,<br>b. fjármálagerningur samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga,<br>c. afleiddur fjármálagerningur,<br>d. grunnfjármálagerningur,<br>e. reiðufjárgerningur.<br>Gerningarnir sem um getur í a-, b- og c-lið teljast eingöngu fjármálagerningar ef virði þeirra leiðir af verði undirliggjandi fjármálagernings eða annars undirliggjandi þáttar, hlutfalli eða vísitölu. |

[41] Nú C-þætti I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB, um markaði fyrir fjármálagerninga.

| | | |
|---|---|---|
| | fjármálagerningar ef virði þeirra leiðir af verði undirliggjandi fjármálagernings eða annars undirliggjandi þáttar, hlutfalli eða vísitölu | |
| 47) „eiginfjárgrunnur“: eignfjárgrunnur eins og hann er skilgreindur í 118. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 118) „eiginfjárgrunnur“: samtala eiginfjárþáttar 1 og eiginfjárþáttar 2 | 10. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Eiginfjárgrunnur:* Samtala eiginfjárþáttar 1 og eiginfjárþáttar 2. |
| | 51) „stofnfé“: fjárhæð og tegund þess eiginfjárgrunns sem tilgreindur er í 12. gr. tilskipunar 2013/36/ESB að því er varðar lánastofnanir og í IV. bálki þeirrar tilskipunar að því er varðar verðbréfafyrirtæki | Ekki er lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna því hún bætir engu efnislega við þau ákvæði laganna sem innleiða 12. gr. og IV. bálk tilskipunar 2013/36/ESB. |
| 48) „rekstraráhætta“: rekstraráhætta eins og hún er skilgreind í 52. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 52) „rekstraráhætta“: hætta á tapi sem leiðir af innri ferlum, fólki og kerfum sem eru ófullnægjandi eða hafa brugðist, eða af ytri atburðum, að meðtalinni lagalegri áhættu | 54. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Rekstraráhætta:* Hætta á tapi sem leiðir af innri ferlum, fólki og kerfum sem eru ófullnægjandi eða hafa brugðist, eða af ytri atburðum, að meðtalinni lagalegri áhættu. |
| | 53) „þynningaráhætta“: hætta á að útistandandi fjárhæð rýrni vegna reiðufjárlána eða annarra lána á hendur lántakanda | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 54) „líkur á vanefndum“: líkur á vanefndum mótaðila á eins árs tímabili | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl., nema í vísun til reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 sem kallar ekki á skilgreiningu á hugtakinu. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 55) „tap að gefnum vanefndum“: hlutfall taps vegna vanefnda mótaðila af útistandandi heildarfjárhæð þegar vanefndir verða | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl., nema í vísunum til reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 sem kalla ekki á skilgreiningu á hugtakinu. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 56) „breytistuðull“: hlutfallið milli fjárhæðar skuldbindingar, sem á þeim tíma er ónotuð en hægt væri að nota og yrði því útistandandi þegar vanefndir verða, og fjárhæðar skuldbindingar sem nú er ónotuð, þar sem umfang | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl., nema í vísun til reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 sem kallar ekki á skilgreiningu á hugtakinu. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |

| | | |
|---|---|---|
| | skuldbindingarinnar ákvarðast af tilkynntum mörkum, nema mörkin sem ekki hafa verið tilkynnt séu hærri | |
| 49) „mildun útlánaáhættu“: mildun útlánaáhættu eins og hún er skilgreind í 57. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 57) „mildun útlánaáhættu“: aðferð sem stofnun notar til að draga úr útlánaáhættu vegna einnar eða fleiri áhættuskuldbindinga í bókum sínum | 41. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Mildun útlánaáhættu:* Aðferð sem fjármálafyrirtæki notar til að draga úr útlánaáhættu vegna einnar eða fleiri áhættuskuldbindinga í bókum sínum. |
| | 58) „fjármögnuð útlánavörn“: aðferð til mildunar útlánaáhættu, þar sem mildun útlánaáhættu vegna áhættuskuldbindingar stofnunar ákvarðast af rétti stofnunarinnar, ef um er að ræða vanefndir mótaðila eða aðra sérstaka lánaatburði sem tengjast mótaðilanum, til að innleysa, fá yfirfærðar eða taka til eignar, eða halda eftir tilteknum eignum eða fjárhæðum, eða lækka fjárhæð áhættuskuldbindingarinnar niður í, eða skipta henni út fyrir, fjárhæð mismunarins milli fjárhæðar áhættuskuldbindingarinnar og kröfu á stofnunina | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 59) „ófjármögnuð útlánavörn“: aðferð til mildunar útlánaáhættu, þar sem mildun útlánaáhættu vegna áhættuskuldbindingar hjá stofnun ákvarðast af skuldbindingu þriðja aðila um að greiða fjárhæð ef um er að ræða vanefndir lántakanda eða aðra sérstaka lánaatburði | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 60) „reiðufjárígildisgerningur“: innlánsskírteini, skuldabréf, þar með talið sértryggt skuldabréf, eða annar gerningur sem ekki er víkjandi, sem stofnun hefur gefið út og stofnunin hefur þegar fengið greiddan að fullu og sem stofnunin skal endurgreiða án skilyrða á nafnverði | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |

| | | |
|---|---|---|
| 50) „verðbréfun“: verðbréfun eins og hún er skilgreind í 61. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 61) „verðbréfun“: viðskiptasamningur eða kerfisfyrirkomulag þar sem útlánaáhætta tengd ákveðinni áhættuskuldbindingu eða safni áhættuskuldbindinga er skipt í áhættulög eignasafns (e. tranched) og hefur bæði eftirfarandi einkenna:<br><br>a) greiðslur samkvæmt viðskiptasamningnum eða kerfisfyrirkomulaginu eru háðar arðseminni af áhættuskuldbindingunni eða safni áhættuskuldbindinga,<br><br>b) forgangsröðun áhættulaganna ákvarðar dreifingu taps á líftíma viðskiptasamningsins eða kerfisfyrirkomulagsins | 77. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Verðbréfun:* Viðskiptasamningur eða kerfisfyrirkomulag þar sem útlánaáhætta sem tengist ákveðinni áhættuskuldbindingu eða safni áhættuskuldbindinga er skipt í áhættulög eignasafns og hefur bæði eftirfarandi einkenni:<br><br>a. greiðslur samkvæmt viðskiptasamningnum eða kerfisfyrirkomulaginu eru háðar afkomu og efndum af áhættuskuldbindingunni eða safni áhættuskuldbindinga,<br><br>b. forgangsröðun áhættulaganna ákvarðar dreifingu taps á líftíma viðskiptasamningsins eða kerfisfyrirkomulagsins. |
| 51) „verðbréfuð staða“: verðbréfuð staða eins og hún er skilgreind í 62. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 62) „verðbréfuð staða“: áhættuskuldbinding vegna verðbréfunar | 76. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Verðbréfuð staða:* Áhættuskuldbinding vegna verðbréfunar. |
| | 63) „endurverðbréfun“: verðbréfun þar sem áhætta tengd undirliggjandi safni áhættuskuldbindinga er lagskipt í hluta og að lágmarki ein undirliggjandi áhættuskuldbinding er verðbréfuð staða | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 64) „endurverðbréfuð staða“: áhættuskuldbinding vegna endurverðbréfunar | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 65) „endurbót á lánshæfi“: samningsbundið fyrirkomulag þar sem lánshæfi stöðu í verðbréfun er bætt miðað við hvað það hefði verið ef endurbætur hefðu ekki komið til, m.a. með lægra settum áhættulögum í verðbréfuninni og öðrum tegundum útlánavarnar | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| 52) „sérstakur verðbréfunaraðili“: | 66) „sérstakur verðbréfunaraðili“: | 13. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Eining um sérverkefni á sviði verðbréfunar:* |

| | | |
|---|---|---|
| sérstakur verðbréfunaraðili eins og hann er skilgreindur í 66. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | eignaumsýslufélag eða annar aðili, annar en stofnun, sem er skipulagður til að stunda verðbréfun eða verðbréfanir, þar sem starfsemin miðar eingöngu að því að ná því markmiði, skipulaginu er ætlað að aðskilja skyldur sérstaka verðbréfunaraðilans frá skyldum upphaflegu stofnunarinnar og handhafar raunverulegra hluta í aðilanum eiga rétt á því að veðsetja eða selja þá hluti án takmarkana | Eignaumsýslufélag eða annar aðili, annar en fjármálafyrirtæki, sem er skipulagður til að stunda verðbréfun eða verðbréfanir, þar sem starfsemin miðar eingöngu að því að ná því markmiði, skipulaginu er ætlað að aðskilja skyldur einingarinnar um sérverkefni á sviði verðbréfunar frá skyldum fyrirtækisins sem er upphafsaðili og rétthafar eiga rétt á því að veðsetja eða selja rétt sinn án takmarkana. |
| | 67) „áhættulag“ (e. tranche): samningsbundinn hluti útlánaáhættu tengdur áhættuskuldbindingu eða safni áhættuskuldbindinga þar sem staða í einu lagi leiðir af sér útlánaáhættu sem er meiri eða minni en staða í öðrum lögum safnsins sömu fjárhæðar, án þess að tekið sé tillit til útlánavarna sem þriðju aðilar veita beint til þeirra sem eiga stöður í laginu eða í öðrum lögum | 3. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Áhættulag:* Samningsbundinn hluti útlánaáhættu tengdur áhættuskuldbindingu eða safni áhættuskuldbindinga þar sem staða í einu lagi leiðir af sér útlánaáhættu sem er meiri eða minni en staða í öðrum lögum safnsins sömu fjárhæðar, án þess að tekið sé tillit til útlánavarna sem þriðju aðilar veita beint til þeirra sem eiga stöður í laginu eða í öðrum lögum. |
| | 68) „færsla á markaðsvirði“: mat á stöðum á lokaverði sem auðvelt er að nálgast hjá óháðum aðilum, þ.m.t. verð á verðbréfamörkuðum, skjáverð eða markaðsverð frá nokkrum óháðum og virtum miðlurum | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 69) „færsla á líkansvirði“: mat sem miða þarf út frá, framreikna eða á annan hátt reikna út frá einu eða fleiri söfnum markaðsgagna | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 70) „óháð verðsannprófun“: ferlið við að sannprófa reglulega hvort markaðsverð eða gögn til færslu á líkansvirði séu rétt og óháð | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 71) „hæft fjármagn“ merkir:<br>a) í skilningi III. bálks annars hluta, samtala eftirfarandi: | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |

| | | |
|---|---|---|
| | i. Eiginfjárþáttur 1 eins og um getur í 25. gr., án frádráttar þess sem um getur í i-lið k-liðar 1. mgr. 36. gr.<br><br>ii. Eiginfjárþáttar 2, eins og um getur í 71. gr., sem nemur jafnmiklu eða minna en þriðjungi af eiginfjárþætti 1, eins og hann er reiknaður samkvæmt i-lið þessara liðar,<br><br>b) í skilningi 97. gr. [...][42] samtala eftirfarandi:<br><br>i. Eiginfjárþáttar 1, eins og um getur í 25. gr.,<br><br>ii. Eiginfjárþáttar 2, eins og um getur í 71. gr., sem nemur jafnmiklu eða minna en þriðjungi af eiginfjárþætti 1 | |
| | 72) „viðurkennd kauphöll“: kauphöll sem uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:<br><br>a) hún er skipulegur markaður [eða markaður í þriðja landi sem telst jafngildur skipulegum markaði í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í a-lið 4. mgr. 25. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB][43],<br><br>b) hún hefur greiðslujöfnunarkerfi þar sem daglegar kröfur um tryggingarfé vegna samninganna sem um getur í II. viðauka veita nægilega vernd að mati lögbærra yfirvalda | 80. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Viðurkennd kauphöll:* Kauphöll sem uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:<br><br>a. hún er skipulegur markaður eða markaður í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem telst jafngildur skipulegum markaði samkvæmt jafngildisákvörðun sem hefur verið tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið,<br><br>b. hún hefur greiðslujöfnunarkerfi þar sem daglegar kröfur um tryggingarfé vegna samninganna sem um getur í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 575/2013 veita nægilega vernd að mati lögbærra yfirvalda. |
| 53) „valkvæður lífeyrir“: valkvæður lífeyrir eins og hann er skilgreindur í 73. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 73) „valkvæður lífeyrir“: aukinn lífeyrir sem stofnun veitir starfsmanni að eigin ákvörðun og er hluti af breytilegum þætti launakjara viðkomandi starfsmanns, en tekur ekki til öflunar lífeyris sem veittur er starfsmönnum | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |

[42] Fellt brott með 1. gr. reglugerðar (ESB) 2019/876, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013.
[43] Bætt við með 1. gr. reglugerðar (ESB) 2019/876, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

| | | |
|---|---|---|
| | samkvæmt skilmálum sem gilda um lífeyriskerfi félagsins | |
| | 74) „veðlánsvirði“: verðgildi fasteignar samkvæmt varfærnislegu mati á markaðshæfi fasteignarinnar í framtíðinni, að teknu tilliti til varanleika fasteignarinnar, eðlilegra og staðbundinna markaðsskilyrða, nýtingar fasteignarinnar og annarra hugsanlegra nýtingarmöguleika hennar | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 75) „íbúðarhúsnæði“: húsnæði sem eigandi eða leigutaki húsnæðisins nýtir, þ.m.t. réttur til búsetu í íbúð húsnæðissamvinnufélags í Svíþjóð, | 30. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Íbúðarhúsnæði:* Húsnæði sem eigandi eða leigutaki húsnæðisins býr í. |
| | 76) „markaðsvirði“: að því er varðar fasteignir, er sú fjárhæð sem metið er að fasteign myndi seljast á, þann dag sem matið er gert, í viðskiptum ótengdra aðila, sem eru fúsir til viðskiptanna, að lokinni viðeigandi markaðssetningu þar sem hver aðili fyrir sig aðhefst af þekkingu, varfærni og ótilneyddur | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 77) „viðeigandi reikningskilaumgjörð“: reikningsskilastaðlar sem gilda um stofnunina samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002 eða tilskipun 86/635/EBE | 78. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Viðeigandi reikningsskilaumgjörð:* Reikningsskilastaðlar sem gilda um fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum þessum eða reglugerð (EB) nr. 1606/2002, sbr. lög um ársreikninga. |
| | 78) „eins árs vanskilahlutfall“: hlutfallið á milli fjölda vanskila sem eiga sér stað á tímabili sem hefst einu ári fyrir dag T og fjölda lánþega sem flokkaðir eru í það þrep eða safn einu ári á undan þeim degi | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 79) „spákaupmennskufjármögnun fasteigna“: lán til öflunar lands eða uppbyggingar eða bygginga á landi í tengslum við fasteign, eða öflunar | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |

| | | |
|---|---|---|
| | fasteignar og í tengslum við hana, í því skyni að selja aftur með hagnaði | |
| | 80) „viðskiptafjármögnun“: fjármögnun, þ.m.t. ábyrgðir, í tengslum við skipti á afurðum og þjónustu fyrir tilstilli fjármálaafurða með fastan stuttan binditíma, yfirleitt styttri en eitt ár, án sjálfvirkrar framlengingar | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 81) „útflutningslán sem njóta opinbers stuðnings“: lán eða greiðslufrestur til að fjármagna útflutning vöru og þjónustu, sem opinber útflutningslánastofnun veitir ábyrgð, tryggingu eða beina fjármögnun fyrir | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 82) „endurhverf verðbréfakaup“ og „endurhverf verðbréfasala“: samningur þar sem stofnun eða mótaðili hennar framselur verðbréf, hrávörur eða tryggð réttindi, í tengslum við eignarétt á verðbréfum eða hrávörum, ef viðurkennd kauphöll, sem á réttinn á verðbréfunum eða hrávörunum, veitir viðkomandi ábyrgð og samningurinn heimilar ekki stofnun að framselja eða veðsetja tiltekið verðbréf eða hrávöru til fleiri en eins mótaðila í senn, með fyrirvara um skuldbindingu um endurkaup á þeim, eða staðkvæmd verðbréf eða hrávörur sama eðlis á tilgreindu verði á degi sem mun bera upp síðar sem framseljandi hefur tilgreint, eða degi sem eftir á að tilgreina, sem felur í sér endurhverf verðbréfakaup fyrir stofnunina sem selur verðbréfin eða hrávörurnar og endurhverfa verðbréfasölu fyrir stofnunina sem kaupir þau | 14. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Endurhverf verðbréfakaup:* Samningur sem felur í sér að fjármálafyrirtæki eða mótaðili þess framselur verðbréf eða hrávörur eða tryggð réttindi sem tengjast eignarrétti á verðbréfum eða hrávörum ef tryggingin er gefin út af viðurkenndri kauphöll sem á réttinn á verðbréfunum eða hrávörunum og samningurinn heimilar ekki fjármálafyrirtæki að framselja eða veðsetja tiltekið verðbréf eða hrávöru til fleiri en eins mótaðila í senn og er háður skuldbindingu um endurkaup á þeim, eða staðkvæmum verðbréfum eða hrávörum sama eðlis, á tilgreindu verði á síðari degi sem framseljandi tilgreinir eða skal tilgreina. |

| | | |
|---|---|---|
| | 83) „endurhverf viðskipti“: viðskipti sem falla undir samning um endurhverf verðbréfakaup eða endurhverfa verðbréfasölu | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 84) „einföld endurhverf verðbréfakaup“: endurhverf viðskipti með eina eign, eða svipaðar einfaldar eignir, en ekki eignakörfu | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 85) „stöður sem eru ætlaðar til veltuviðskipta“: eitthvert eftirfarandi:<br><br>a) stöður fyrir eigin reikning og stöður sem tengjast umsýslu fyrir viðskiptavin og viðskiptavakt,<br><br>b) stöður sem ætlunin er að selja aftur innan skamms tíma,<br><br>c) stöður sem búist er við að hækki að verðmæti vegna raunverulegs eða vænts skammtímamismunar á milli kaup- og söluverðs eða vegna annarra verð- eða vaxtabreytinga | 66. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Stöður sem haldið er vegna veltuviðskipta:* Einhver af eftirfarandi stöðum:<br><br>a. stöður fyrir eigin reikning og stöður sem tengjast tiltekinni þjónustu fyrir viðskiptavin og viðskiptavakt,<br><br>b. stöður sem ætlunin er að selja aftur innan skamms tíma,<br><br>c. stöður sem teknar eru til að hagnast á skammtímamismun á milli kaup- og söluverðs eða öðrum verð- og vaxtabreytingum. |
| 54) „veltubók“: veltubók eins og hún er skilgreind í 86. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, | 86) „veltubók“: allar stöður í fjármálagerningum og hrávörum sem stofnun heldur, annaðhvort til veltuviðskipta eða til að verja stöður sem [haldið er til veltuviðskipta í samræmi við 104. gr.][44] | 74. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Veltubók:* Allar stöður í fjármálagerningum og hrávörum sem fjármálafyrirtæki heldur, annaðhvort vegna veltuviðskipta eða til að verja stöður sem haldið er vegna veltuviðskipta í samræmi við 104. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |
| | 87) „markaðstorg fjármálagerninga“: markaðstorg fjármálagerninga eins og það er skilgreint í 15. lið 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB[45] | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 88) „fullgildur miðlægur mótaðili“: miðlægur mótaðili sem hefur annaðhvort hlotið starfsleyfi í samræmi við 14. | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |

[44] Breytt með 1. gr. reglugerðar (ESB) 2019/876, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013.
[45] Nú 22. tölul. 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, um markaði fyrir fjármálagerninga. „Markaðstorg fjármálagerninga“ er skilgreint þar sem „marghliða kerfi sem starfrækt er af verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðila markaða sem leiðir saman kaup- og söluáhuga þriðju aðila á fjármálagerningum, innan kerfisins og í samræmi við ófrávíkjanlegar reglur þess, þannig að til samninga stofnast í samræmi við II. bálk þessarar tilskipunar“.

| | | |
|---|---|---|
| | gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 eða verið viðurkenndur í samræmi við 25. gr. þeirrar reglugerðar | |
| | 89) „vanskilasjóður“: sjóður sem miðlægur mótaðili hefur komið á fót í samræmi við 42. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og notað í samræmi við 45. gr. þeirrar reglugerðar | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 90) „forfjármagnað framlag í vanskilasjóð miðlægs mótaðila“: framlag sem stofnun greiðir í vanskilasjóð miðlægs mótaðila | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 91) „viðskiptastaða“: gildandi áhættuskuldbinding, þ.m.t. [viðbótartrygging][46] sem greiða ber [stöðustofnunaraðila][47] en hefur enn ekki borist, og mögulegar síðari áhættuskuldbindingar uppgjörsaðila eða viðskiptavinar gagnvart miðlægum mótaðila sem stafa af samningum og viðskiptum sem [tilgreind eru í a-, b, og c-lið ][48] 1. mgr. 301. gr., sem og upphaflegt tryggingarfé | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| 55) „skipulegur verðbréfamarkaður“: skipulegur verðbréfamarkaður eins og hann er skilgreindur í 92. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, | 92) „skipulegur markaður“: skipulegur markaður eins og hann er skilgreindur í 14. lið 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB[49] | 58. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: <u>*Skipulegur markaður:* Skipulegur markaður samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga.</u> |
| 56) „vogun“: vogun eins og hún er skilgreind í 93. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, | 93) „vogun“: hlutfallsleg stærð eigna, skuldbindinga utan efnahags og ófyrirséðra skuldbindinga um að greiða, afhenda eða veita tryggingu, | 81. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: <u>*Vogun:* Hlutfallsleg stærð eigna, skuldbindinga utan efnahags og óvissra skuldbindinga um að greiða, afhenda eða veita tryggingu, þ.m.t. skuldbindingar sem leiða af móttekinni</u> |

[46] Breytt með 1. gr. reglugerðar (ESB) 2019/876, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013.
[47] Breytt með 1. gr. reglugerðar (ESB) 2019/876, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013.
[48] Breytt með 1. gr. reglugerðar (ESB) 2019/876, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013.
[49] Nú 21. tölul. 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, um markaði fyrir fjármálagerninga. „Skipulegur markaður“ er skilgreindur þar sem „marghliða kerfi sem er ekki skipulegur markaður eða markaðstorg fjármálagerninga og þar sem mismunandi kaup- og söluáhugi þriðju aðila á skuldabréfi, samsettum fjármálaafurðum, losunarheimildum eða afleiðum getur mæst innan kerfisins þannig að til samninga stofnast í samræmi við II. bálk þessarar tilskipunar“.

| | | |
|---|---|---|
| | þ.m.t. skuldbindingar sem leiða af móttekinni fjármögnun, skuldbindingum sem gengist hefur verið í, afleiðum eða endurhverfum verðbréfakaupum, en að undanskildum skuldbindingum sem einungis er hægt að framfylgja komi til slita- eða skilameðferðar[50] stofnunar, samanborið við eiginfjárgrunn þeirrar stofnunar | fjármögnun, skuldbindingum sem gengist hefur verið í, afleiðum eða endurhverfum verðbréfakaupum, en að undanskildum skuldbindingum sem einungis er hægt að framfylgja komi til slita á fjármálafyrirtæki, samanborið við eiginfjárgrunn þess fjármálafyrirtækis. |
| 57) „hætta á of mikilli vogun“: hætta á of mikilli vogun eins og hún er skilgreind í 94. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, | 94) „hætta á of mikilli vogun“: áhætta sem stafar af varnarleysi stofnunar vegna skuldsetningar eða ófyrirséðrar skuldsetningar sem kann að útheimta ófyrirhugaðar ráðstafanir til úrbóta á viðskiptaáætlun hennar, þ.m.t. nauðungarsölu eigna sem kann að leiða til taps eða leiðréttinga á mati þeirra eigna sem eftir eru | 28. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Hætta á of mikilli vogun:* Áhætta sem stafar af næmi fjármálafyrirtækis vegna skuldsetningar eða óvissrar skuldsetningar sem kann að útheimta ófyrirhugaðar ráðstafanir til úrbóta á viðskiptaáætlun þess, þ.m.t. bráða sölu eigna sem kann að leiða til taps eða endurmats á virði eigna sem eftir eru. |
| | 95) „leiðrétting á útlánaáhættu“: fjárhæð sértækra og almennra framlaga í afskriftasjóð útlána, vegna útlánaáhættu, sem færð hefur verið í reikningsskil stofnunar í samræmi við viðeigandi reikningsskilaumgjörð | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 96) „innri áhættuvörn“: staða sem jafnar að mestu út áhættuþætti á milli stöðu [í veltubók og einnar eða fleiri staðna í fjárfestingarbók eða á milli tveggja viðskiptaborða][51] | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 97) „tilgreind skuldbinding“: skuldbinding sem notuð er til að ákvarða virði reiðufjáruppgjörs lánaafleiðu | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| 58) „utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki“: utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki eins og það er skilgreint í 98. lið 1. mgr. 4. gr. | 98) „utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki“: lánshæfismatsfyrirtæki sem er skráð eða vottað í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá | 36. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Lánshæfismatsfyrirtæki:* Lánshæfismatsfyrirtæki sem er skráð eða vottað í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1060/2009 eða seðlabanki sem gefur út lánshæfismat sem fellur ekki |

[50] Í enskri útgáfu gerðarinnar er aðeins rætt um „liquidation“ (slit), ekki „resolution“ (skilameðferð).
[51] Breytt með 1. gr. reglugerðar (ESB) 2019/876, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

| | | |
|---|---|---|
| reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, | 16. september 2009 um lánshæfismatsfyrirtæki eða seðlabanki sem gefur út lánshæfismat sem fellur ekki undir reglugerð (EB) nr. 1060/2009 | undir reglugerð (EB) nr. 1060/2009, sbr. lög um lánshæfismatsfyrirtæki, nr. 50/2017. |
| | 99) „tilnefnt utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki“: utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki sem stofnun tilnefnir | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 100) „önnur uppsöfnuð heildarafkoma“: merkir það sama og samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IAS-staðli 1, eftir því sem við á samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002 | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 101) „grunneiginfjárgrunnur“: grunneiginfjárgrunnur í skilningi 88. gr. tilskipunar 2009/138/EB | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 102) „gjaldþolsliðir þáttar 1 hjá vátryggingafélagi“: gjaldþolsliðir fyrirtækja sem falla undir kröfur tilskipunar 2009/138/EB þar sem þessir liðir eru flokkaðir með þætti 1 í skilningi tilskipunar 2009/138/EB í samræmi við 1. mgr. 94. gr. þeirrar tilskipunar, | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 103) „takmarkaðir gjaldþolsliðir þáttar 1 hjá vátryggingafélagi“: gjaldþolsliðir fyrirtækja sem falla undir kröfur tilskipunar 2009/138/EB þar sem þessir liðir eru flokkaðir með þætti 1 í skilningi tilskipunar 2009/138/EB í samræmi við 1. mgr. 94. gr. þeirrar tilskipunar og tilvist þessara liða í flokknum takmarkast af framseldum gerðum sem samþykktar eru í samræmi við 99. gr. þeirrar tilskipunar | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |

| | | |
|---|---|---|
| | 104) „gjaldþolsliðir þáttar 2 hjá vátryggingafélagi“: gjaldþolsliðir fyrirtækja sem falla undir kröfur tilskipunar 2009/138/EB þar sem þessir liðir eru flokkaðir með þætti 2 í skilningi tilskipunar 2009/138/EB í samræmi við 2. mgr. 94. gr. þeirrar tilskipunar | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 105) „gjaldþolsliðir þáttar 3 hjá vátryggingafélagi“: gjaldþolsliðir fyrirtækja sem falla undir kröfur tilskipunar 2009/138/EB þar sem þessir liðir eru flokkaðir með þætti 3 í skilningi tilskipunar 2009/138/EB í samræmi við 3. mgr. 94. gr. þeirrar tilskipunar | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 106) „frestuð skattinneign“: merkir það sama og samkvæmt viðeigandi reikningsskilaumgjörð | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 107) „frestuð skattinneign sem byggir á framtíðararðsemi“: frestuð skattinneign þar sem einungis er hægt að innleysa framtíðarvirði hennar ef stofnunin skilar skattskyldum hagnaði í framtíðinni | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 108) „frestaðar skattskuldbindingar“: merkir það sama og samkvæmt viðeigandi reikningsskilaumgjörð | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 109) „eignir réttindatengds lífeyrissjóðs“: eignir réttindatengds lífeyrissjóðs eða áætlunar, eftir því sem við á, reiknaðar út að frádreginni fjárhæð skuldbindinga samkvæmt sama sjóði eða áætlun | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl., nema í vísun til reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 sem kallar ekki á skilgreiningu á hugtakinu. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 110) „útgreiðsla“: hvers konar greiðsla arðs eða vaxta | Hugtakið kemur fyrir í fftl. en ekki aðeins í merkingunni útgreiðsla arðs eða vaxta. Ráða má af samhengi viðkomandi ákvæða hvers konar útgreiðslur átt er við. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |

| | | |
|---|---|---|
| | 111) „fyrirtæki á fjármálamarkaði“: merkir það sama og um getur í b- og d-liðum 25. liðar 13. gr. tilskipunar 2009/138/EB, | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 112) „sjóður vegna almennrar bankaáhættu“: merkir það sama og um getur í 38. gr. tilskipunar 86/635/EBE | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 113) „viðskiptavild“: merkir það sama og samkvæmt viðeigandi reikningsskilaumgjörð | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 114) „óbeinn eignarhlutur“: áhættuskuldbinding gagnvart millilið sem ber áhættu vegna fjármagnsgerninga útgefnum af aðila á fjármálamarkaði, þar sem tap stofnunarinnar, ef til þessi kæmi að fjármagnsgerningur útgefinn af aðila á fjármálamarkaði yrði endanlega afskrifaður, yrði ekki verulega frábrugðið því tapi sem stofnunin yrðir fyrir vegna beins eignarhlutar í þessum fjármagnsgerningum útgefnum af aðila á fjármálamarkaði | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 115) „óefnislegar eignir“: merkir það sama og samkvæmt viðeigandi reikningsskilaumgjörð og nær til viðskiptavildar | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 116) „aðrir fjármagnsgerningar“: fjármagnsgerningar, útgefnir af aðilum á fjármálamarkaði, sem ekki uppfylla skilyrði eiginfjárgrunnsgerninga almenns eigin fjár þáttar 1, viðbótareiginfjárgrunnsgerninga eða gerninga undir þætti 1 eða 2, eða takmarkaðir gjaldþolsliðar þáttar 1 hjá vátryggingafélagi, gjaldþolsliðir þáttar 2 hjá vátryggingafélagi og gjaldþolsliðir þáttar 3 hjá vátryggingafélagi | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. nema í ákvæðum sem vísa þegar í viðkomandi ákvæði í reglugerð (ESB) nr. 575/2013. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |

| | | |
|---|---|---|
| | 117) „aðrir varasjóðir“: varasjóðir í skilningi viðeigandi reikningsskilaumgjarðar sem skylt er að veita upplýsingar um samkvæmt viðeigandi reikningsskilastaðli, að undanskildum fjárhæðum sem þegar eru taldar með í annarri uppsafnaðri heildarafkomu eða óráðstöfuðu eigin fé | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 118) „eiginfjárgrunnur“: samtala eiginfjárþáttar 1 og eiginfjárþáttar 2 | 10. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Eiginfjárgrunnur:* Samtala eiginfjárþáttar 1 og eiginfjárþáttar 2. |
| | 119) „eiginfjárgrunnsgerningar“: fjármagnsgerningar, útgefnir af stofnuninni, sem eru hæfir til að teljast til eiginfjárgrunnsgerninga almenns eigin fjár þáttar 1, viðbótareiginfjárgrunnsgerninga eða gerninga undir þætti 2 | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 120) „hlutdeild minnihluta“: fjárhæð almenns eigin fjár þáttar 1 í dótturfélagi stofnunar sem einstaklingar eða lögaðilar, aðrir en þeir sem falla undir gildissvið reglna um samstæðu stofnunarinnar, hafa lagt til | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl., nema í vísun til reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 sem kallar ekki á skilgreiningu á hugtakinu. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 121) „hagnaður“: merkir það sama og samkvæmt viðeigandi reikningsskilaumgjörð | 25. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Hagnaður:* Hagnaður samkvæmt viðeigandi reikningsskilaumgjörð. |
| | 122) „krosseignarhald“: eignarhlutur stofnunar í eiginfjárgrunnsgerningum eða öðrum fjármagnsgerningum útgefnum af aðilum á fjármálamarkaði þar sem þessir aðilar eiga einnig eiginfjárgrunnsgerninga útgefna af stofnuninni | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 123) „óráðstafað eigið fé“: uppsafnaður hagnaður eða tap fyrri ára reiknað út sem endanleg rekstrarniðurstaða samkvæmt viðeigandi reikningsskilaumgjörð | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. nema í ákvæðum um sparisjóði sem byggjast ekki á tilskipun 2013/36/ESB. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |

| | | |
|---|---|---|
| | 124) „yfirverðsreikningur hlutafjár“: merkir það sama og samkvæmt viðeigandi reikningsskilaumgjörð | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 125) „tímabundinn mismunur“: merkir það sama og samkvæmt viðeigandi reikningsskilaumgjörð | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 126) „gervieignarhlutur“: fjárfesting stofnunar í fjármálagerningi með virði sem tengist beint virði fjármagnsfjárgerninga útgefnum af aðila á fjármálamarkaði | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 127) „gagnkvæmt ábyrgðarkerfi“: kerfi sem uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:<br><br>a) stofnanirnar falla innan sama stofnanaverndarkerfis eins og um getur í 7. mgr. 113. gr. [eða eru varanlega tengdar neti við miðlæga stofnun][52]<br><br>b) stofnanirnar eru að fullu teknar með í samstæðureikningsskil í samræmi við a-, b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. eða 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 83/349/EBE og falla undir eftirlit á samstæðugrunni af hálfu stofnunar sem er móðurstofnun í aðildarríki í samræmi við 2. kafla II. bálks fyrsta hluta þessarar reglugerðar og fellur undir kröfur vegna eiginfjárgrunns,<br><br>c) móðurstofnun í aðildarríki og dótturfélögin hafa staðfestu í sama aðildarríki og eru háðar starfsleyfi og eftirliti af hálfu sama lögbæra yfirvalds,<br><br>d) móðurstofnun í aðildarríki og dótturfélögin eru aðilar að fyrirkomulagi vegna samningsbundinnar eða lögboðinnar bótaábyrgðar sem | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |

[52] Bætt við með 1. gr. reglugerðar (ESB) 2019/876, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

| | | |
|---|---|---|
| | verndar þessar stofnanir og tryggir einkum lausafjárstöðu þeirra og gjaldþol, til að komast hjá gjaldþroti ef þörf krefur,<br><br>e) fyrir hendi er fyrirkomulag sem tryggir að fjárhagsleg úrræði í formi fjármagns og lausafjár séu veitt tafarlaust, ef þess er krafist, samkvæmt því fyrirkomulagi vegna samningsbundinnar eða lögboðinnar bótaábyrgðar sem um getur í d-lið,<br><br>f) lögbæra yfirvaldið hefur reglubundið eftirlit með því að fyrirkomulagið sem um getur í d- og e-lið sé fullnægjandi,<br><br>g) lágmarksfrestur dótturfélags til að segja upp aðild að fyrirkomulagi vegna bótaábyrgðar að eigin frumkvæði er 10 ár,<br><br>h) lögbært yfirvald hefur valdbærni til að banna að dótturfélag segi upp að eigin frumkvæði aðild að fyrirkomulagi vegna bótaábyrgðar | |
| | 128) „liðir til útgreiðslu“: fjárhæð hagnaðar í lok [næstliðins][53] reikningsárs að viðbættum hagnaði frá fyrri árum og [varasjóðum sem eru aðgengilegir][54] áður en til útgreiðslu til eigenda eiginfjárgrunnsgerninga kemur, að frádregnu tapi fyrri ára, hagnaði sem er óráðstafanlegur samkvæmt [lögum Sambandsins eða landslögum eða félagslögum][55] stofnunarinnar og fjárhæðum sem færðar eru í bundna varasjóði í samræmi við [...][56] landslög eða samþykktir | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |

[53] Breytt með 1. gr. reglugerðar (ESB) 2019/876, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013.
[54] Breytt með 1. gr. reglugerðar (ESB) 2019/876, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013.
[55] Breytt með 1. gr. reglugerðar (ESB) 2019/876, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013.
[56] Fellt brott með 1. gr. reglugerðar (ESB) 2019/876, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

| | | |
|---|---|---|
| | stofnunarinnar, [í hverju tilviki með tilliti til sérstaks flokks eiginfjárgrunnsgerninga sem lög Sambandsins, landslög eða félagslög stofnana eða samþykktir varða, þar sem slíkt][57] tap og varasjóðir eru ákvarðaðir á grundvelli einstakra reikningsskila stofnunarinnar en ekki á grundvelli samstæðureikningsskila | |
| 59) „innri aðferðir“: innramatsaðferðin sem um getur í 1. mgr. 143. gr., innralíkansaðferðin sem um getur í 221. gr., eigin matsaðferðin sem um getur í 225. gr., þróuðu mæliaðferðirnar sem um getur í 2. mgr. 312. gr., innralíkansaðferðirnar sem um getur í 283. og 363. gr. og innramatsaðferðin sem um getur í 3. mgr. 259. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | | 29. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Innri aðferð:* Innramatsaðferðin skv. 1. mgr. 143. gr., eiginlíkansaðferðin skv. 221. gr., eigin matsaðferðin skv. 225. gr., þróuðu mæliaðferðirnar skv. 2. mgr. 312. gr., eiginlíkansaðferðin skv. 283. og 363. gr. og innri virðingaraðferðin skv. 3. mgr. 259. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |
| [60) „skilavald“: skilavald eins og það er skilgreint í 18. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB | [130) „skilastjórnvald“: skilastjórnvald eins og það er skilgreint í 18. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB[58] | 61. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Skilastjórnvald:* Skilastjórnvald samkvæmt lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja. |
| | 131) „skilaeining“: skilaeining eins og hún er skilgreind í 83. lið a í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB[59] | 59. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Skilaaðili:* Skilaaðili samkvæmt lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja. |
| | 132) „skilasamstæða“: skilasamstæða eins og hún er skilgreind í 83. lið b í 1. mgr. | 60. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Skilasamstæða:* Skilasamstæða samkvæmt lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja. |

[57] Breytt með 1. gr. reglugerðar (ESB) 2019/876, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013.
[58] „Skilavald“ er skilgreint þar sem „yfirvald sem aðildarríki tilnefnir í samræmi við 3. gr. [tilskipunarinnar]“.
[59] „Aðili í skilameðferð“ er skilgreindur þar, með breytingum samkvæmt tilskipun (ESB) 2019/879, sem „a) lögaðili með staðfestu í Sambandinu sem, í samræmi við 12. gr. [tilskipunarinnar], er auðkenndur af hálfu skilastjórnvaldsins sem aðili sem skilaaðgerðin í skilaáætluninni tekur til eða b) stofnun sem er ekki hluti af samstæðu, sem fellur undir samstæðueftirlit skv. 111. og 112. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, og sem skilaáætlunin, sem var samin skv. 10. gr. þessarar tilskipunar, kveður á um skilaaðgerð í tengslum við“.

| | | |
|---|---|---|
| | 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB[60] | |
| 61) „kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu “: kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu (G-SII) eins og hún er skilgreind í 133. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 133) „kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu“: kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu eins og hún er skilgreind í 1. og 2. mgr. 131. gr. tilskipunar (ESB) nr. 2013/36 | Leiðir af ákvæðum fftl. sem innleiða 1. og 2. mgr. 131. gr. tilskipunar 2013/36/ESB (einkum 1. og 2. mgr. 86. gr. b fftl.). |
| 62) „kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu utan Evrópska efnahagssvæðisins“: kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu utan ESB (e. non-EU G-SII) eins og hún er skilgreind í 134. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 134) „kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu utan Sambandsins“: kerfislega mikilvæg bankasamstæða eða banki á alþjóðavísu utan Sambandsins sem ekki er kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu og sem er að finna á listanum yfir kerfislega mikilvægar bankasamstæður eða banka á alþjóðavísu sem ráðgjafarnefndin um fjármálastöðugleika hefur gefið út | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 135) „mikilvægt dótturfélag“: dótturfélag sem á einingar- eða samstæðugrunni uppfyllir eitthvert eftirfarandi skilyrða:<br><br>a) dótturfélagið ræður yfir meira en 5% af áhættuvegnum samstæðueignum upphaflega móðurfélagsins,<br><br>b) dótturfélagið býr til meira en 5% af heildarrekstrartekjum upphaflega móðurfélagsins,<br><br>c) heildarmælistærð áhættuskuldbindingar dótturfélagsins sem um getur í 4. mgr. 429. gr. þessarar reglugerðar er meira en 5% af heildarsamstæðumælistærð upphaflega móðurfélagsins,<br><br>í þeim tilgangi að ákvarða mikilvægt dótturfélag sem 2. | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |

[60] „Skilasamstæða“ er skilgreind þar, með breytingum samkvæmt tilskipun (ESB) 2019/879, sem „a) aðili í skilameðferð og dótturfélög hans sem eru ekki: i. sjálfir aðilar í skilameðferð, ii. dótturfélög annarra aðila í skilameðferð eða iii. aðilar með staðfestu í þriðja landi sem í samræmi við skilaáætlun eru ekki í skilasamstæðunni og dótturfélög þeirra eða b) lánastofnanir sem eru varanlega tengdar miðlægri stofnun og miðlæga stofnunin sjálf, þegar a.m.k. ein þessara lánastofnana eða miðlæga stofnunin er aðili í skilameðferð, og dótturfélög hvers um sig“.

| | | |
|---|---|---|
| | mgr. 21. gr. b tilskipunar 2013/36/ESB gildir um skulu tvö milligöngumóðurfyrirtæki í Sambandinu teljast eitt dótturfyrirtæki á grundvelli samstæðustöðu sinnar | |
| | 136) „kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu“: aðili með réttarstöðu lögaðila sem er kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu eða hluti af kerfislega mikilvægri stofnun á alþjóðavísu eða kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu utan Sambandsins | Í íslenskri útgáfu reglugerðarinnar er hugtakið *kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu* notað bæði í 133. og 136. tölul. Í enskri útgáfu reglugerðarinnar er hugtakið *global systemically important institution* notað í 133. tölul. en *G-SII entity* í 136. tölul. Hugtak sem svarar til síðarnefnda hugtaksins er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 137) „eftirgjafarúrræði“: eftirgjafarúrræði eins og það er skilgreint í 57. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| 63) „samstæða“: samstæða eins og hún er skilgreind í 138. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 | 138) „samstæða“: samstæða fyrirtækja þar sem a.m.k. eitt er stofnun sem samanstendur af móðurfélagi og dótturfélögum þess, eða fyrirtækjum sem eru tengd hvert öðru eins og sett er fram í 22. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB | 55. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Samstæða:* Samstæða fyrirtækja þar sem a.m.k. eitt er fjármálafyrirtæki og sem samanstendur af móðurfélagi og dótturfélögum þess, eða fyrirtækjum sem heyra undir sama samstæðureikning. |
| 64) „samstæða þriðja lands“: samstæða þar sem móðurfyrirtækið er með staðfestu í þriðja landi | | 83. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Þriðjaríkissamstæða:* Samstæða þar sem móðurfélagið er með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins. |
| 65) „kynhlutlaus starfskjarastefna“: starfskjarastefna sem byggist á sömu launum karla og kvenna fyrir jafngild störf eða jafnverðmæt störf][61] | | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 139) „fjármögnunarviðskipti með verðbréf“: endurhverf viðskipti, verðbréfa- eða hrávörulánveitingar eða -lántaka, eða | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |

[61] Bætt við með 1. gr. tilskipunar (ESB) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.

| | | |
|---|---|---|
| | viðbótarlánveitingar vegna kaupa/sölu verðbréfa | |
| | 140) ,,upphafstrygging“: trygging önnur en viðbótartrygging sem tekin er eða lögð fram hjá stofnun til að mæta núverandi áhættu og mögulegri framtíðaráhættu viðskipta sinna eða safni viðskipta á því tímabili sem þörf er á vegna innlausnar á þessum viðskiptum, eða til að endurverja markaðsáhættu eftir vanskil hins mótaðilans | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 141) ,,markaðsáhætta“: hætta á tapi sem stafar af hreyfingum á markaðsverði þ.m.t. gjaldmiðlagengi eða hrávöruverði | 39. tölul. 1. mgr. 1. gr. b fftl.: *Markaðsáhætta:* Hætta á tapi sem stafar af hreyfingum á markaðsverði, þ.m.t. gjaldmiðlagengi eða hrávöruverði. |
| | 142) ,,gjaldmiðlaáhætta“: hætta á tapi sem stafar af hreyfingum á gjaldmiðlagengi | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 143) ,,hrávöruáhætta“: hætta á tapi sem stafar af hreyfingum á hrávöruverði | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 144) ,,viðskiptaborð“: vel skilgreindur hópur söluaðila sem stofnun setur á laggirnar til að stýra í sameiningu stöðum verðbréfasafna í veltubók í samræmi við vel skilgreinda og samræmda starfsstefnu og starfa samkvæmt sama áhættustýringarfyrirkomulaginu | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 145) ,,lítil og einföld stofnun“: stofnun sem uppfyllir öll eftirtalin skilyrði:<br>a) hún er ekki stór stofnun,<br>b) heildarvirði eigna hennar á einingargrunni eða, eftir atvikum, á samstæðugrunni í samræmi við þessa reglugerð og tilskipun 2013/36/ESB er að meðaltali jafnt eða undir viðmiðunarfjárhæð sem nemur 5 milljörðum evra á fjögurra ára tímabilinu næst á undan | Hugtakið er aðeins notað á einum stað í meginmáli fftl. þar sem þegar er vísað til 145. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |

yfirstandandi árlegu reikningstímabili; aðildarríkjunum er heimilt að lækka þessa viðmiðunarfjárhæð,

c) hún fellur ekki undir neinar skuldbindingar eða einfaldaðar skuldbindingar í tengslum við endurreisn og skilameðferð í samræmi við 4. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,

d) umfang veltubókarviðskipta hennar flokkast lítið í skilningi 1. mgr. 94. gr.,

e) heildarvirði afleiddra staðna hennar sem eru ætlaðar til veltuviðskipta fer ekki yfir meira en 2% að heildarfjölda eigna á og utan efnahagsreiknings hennar og heildarvirði samanlagðra afleiðustaðna fer ekki yfir 5%, hvort tveggja reiknað út í samræmi við 3. mgr. 273. gr. a,

f) meira en 75% af bæði heildarsamstæðueignum og -skuldbindingum stofnunarinnar, að undanskildum, í báðum tilvikum, áhættuskuldbindingum innan samstæðunnar, tengjast starfsemi við mótaðila sem staðsettir eru á Evrópska efnahagssvæðinu,

g) stofnunin notar ekki eigin líkön til að fullnægja varfærniskröfum í samræmi við þessa reglugerð nema fyrir dótturfyrirtæki sem nota eigin líkön sem þróuð eru á samstæðustigi, að því tilskildu að samstæðan falli undir birtingarkröfur sem mælt er fyrir um í 433. gr. a eða c á samstæðugrunni,

h) stofnunin hefur ekki tilkynnt lögbæru yfirvaldi um andmæli gegn því að vera

| | | |
|---|---|---|
| | flokkuð sem lítil og einföld stofnun,<br><br>i) lögbært yfirvald hefur ekki ákveðið að stofnunin eigi ekki að teljast vera lítil og einföld stofnun á grundvelli greiningar þess á stærð, samtengingu, flækjustigi eða áhættusniði | |
| | 146) „stór stofnun“: stofnun sem uppfyllir eitthvert eftirtalinna skilyrða:<br><br>a) hún er kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu,<br><br>b) hún hefur verið auðkennd sem önnur kerfislega mikilvæg stofnun í samræmi við 1. og 3. mgr. 131. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,<br><br>c) hún er, í aðildarríkinu þar sem hún hefur staðfestu, ein af þremur stærstu stofnununum með tilliti til heildarvirðis eigna,<br><br>d) heildarvirði eigna hennar á einingargrunni eða, eftir atvikum, á grundvelli samstæðustöðu sinnar í samræmi við þessa reglugerð og tilskipun 2013/36/ESB er jafnt eða meira en 30 milljarðar evra | Hugtakið er aðeins notað á einum stað í meginmáli fftl. þar sem þegar er vísað til 146. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 147) „stórt dótturfélag“: dótturfélag sem telst vera stór stofnun | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 148) „óskráð stofnun“: stofnun sem ekki hefur gefið út verðbréf sem tekin eru til viðskipta á skipulegum markaði í neinu aðildarríki í skilningi 21. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB | Hugtakið er ekki notað í meginmáli fftl. Því er ekki lagt til að skilgreiningin verði tekin upp í meginmál laganna. |
| | 149) „reikningsskil“: að því er varðar áttunda hluta, reikningsskil í skilningi 4. og 5. gr. tilskipunar | Skilgreining á bara við um áttunda hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Því er ekki lagt til að hún verði tekin upp í meginmál laganna. |

| |
|---|
| Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/ESB][62] |

[62] Bætt við með 1. gr. reglugerðar (ESB) 2019/876, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013.